

# Vikufréttir

Vika 39 (21.09 – 25.09 2020)

## Mánudagur

- ✓ List og verkgreinakennarar funda með deildarstjóra kl.14:30
- ✓ Ný lota að hefjast í list- og verkgreinum

## Þriðjudagur

- ✓ Haustjafndægur
- ✓ Haustfundur hjá 9.bekk í Salnum kl.16:15

## Miðvikudagur

- ✓ 10.bekkur fer í skólaferðalag til Reykjavíkur
- ✓ Félagsmiðstöðin Óðal kemur í heimsókn í 7.-10.bekk og kynnir starfsemi vetrarins.

## Fimmtudagur

- ✓ Samræmd próf í 7.bekk íslenska

## Föstudagur

- ✓ Samræmd próf í 7.bekk stærðfræði
- ✓ Ofurbekkjaleikarnir í 8. – 10.bekk eftir hádegi.

## Spakmæli:

“Hamingja er innri vinna. Ekki ráða einhvern annan í þá vinnu ”



Fyrsta gróðursetning í framtíðarskógræktarsvæði í nágrenni við Borgarnes var 10. september 2020. Gróðursetningarfólk var úr 9. og 4. bekk Grunnskólans í Borgarnesi, alls um 70 manns. Laufey Hannesdóttir og Friðrik Aspelund tóku á mótí hópnum og kenndu réttu handtökin. Svæðið er rétt vestan við flugvöllinn. Þarna voru lögð drög að nýjum Yrkjuskógi Grunnskóla Borgarness en áður hefur skólinn gróðursett í landi Borgar. 268 birkiplöntur voru gróðursettar að þessu sinni. Þá sáu börnin einnig um að gróðursetja 49 stafafurur fyrir björgunarsveitirnar í Borgarfirði Brák, Heiðar og Ok. Þær plöntur eru afrakstur sölu rötarskota sem seldust síðustu áramót.

Grunnskólinn í Borgarnesi gerði árið 1997 samkomulag við staðarhaldara á Borg um að skólinn fengi til umráða svæði til gróðursetningar. Allt til ársins 2015 fóru nemendur í fyrsta, fimmta og tíunda bekk á hverju vori í gróðursetningarleiðangur. Fullplantað er í svæðið sem skólinn hafði á Borg og því hefur nýtt svæði til gróðursetningar verið tekið í notkun.

Ákveðið hefur verið að gróðursetningin verði vinabekkjaverkefni 4. og 9. bekkja í framtíðinni. Til stendur að finna gott nafn á hinn nýja framtíðarskóg.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir